



MINNISBLAÐ

Til: Vestmannaeyjabæjar / Írisar Róbertsdóttur bæjarstjóra

Frá: LEX lögmansstofu / Kristínu Edwald hrl.

Dags: Ágúst 2020

Efni: Þjónustusamningur Vestmannaeyjabæjar og Vegagerðarinnar, f.h. íslenska ríkisins, um ferjusiglingar milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar / Þorlákshafnar

Inngangur

Óskað hefur verið eftir áliti LEX varðandi túlkun þjónustusamnings Vestmannaeyjabæjar og Vegagerðarinnar, f.h. íslenska ríkisins, um ferjusiglingar milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar / Þorlákshafnar. Varða álitafnin annars vegar fjárframlag ríkisins vegna ákvörðunar Samgöngustofu um öryggismönnun og hins vegar hver sé grunnur ferjuvísitölu.

Öryggismönnun – laun áhafnar.

Fyrir liggur öryggisskírteini um lágmarksmönnun útgefið Samgöngustofu 16. desember 2019 þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda í áhöfn samkvæmt ákvæðum reglu V/14.2.2 í SOLAS 1974 um öryggi mannlífa á hafinu og 12. gr. laga nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Var um breytingu á lágmarksmönnun að ræða og fjöldi áhafnar meðlima aukinn. Vegagerðin hefur vísað til þess að það hafi verið að beiðni Herjólfss sem fjölgað var í áhöfn. Rétt er því að benda á að hvorki Herjólfur ohf. né Vestmannaeyjabær hefur ákvörðunarvald hvað öryggismönnun skipa varðar. Ákvörðunin er alfarið Samgöngustofu. Auk þess er Vegagerðinni kunnugt um að upphafleg ákvörðun um lágmarksmönnun var einungis til bráðabirgða.

Í tölvupósti frá Samgöngustofu, frá 21. júní 2018, til Kristjáns Ólafssonar hjá KOBA ehf., fyrir hönd Vegagerðarinnar með afriti á Guðmund Helgason hjá Vegagerðinni kemur fram:

„Samgöngustofa gerir ráð fyrir að sú lágmarksmönnun sem hún samþykkir fyrir afhendingu skipsins sé til bráðabirgða og að ekki verði unnt að taka endanlega afstöðu til lágmarksmönnunar fyrr en:

- a) skipið er komið í rekstur,*
- b) fyrir liggur samþykkt ISM kerfi og úttekt á því*

- c) *Neyðaráætlun hefur verið uppfærð af skipstjóra og útgerða í kjölfar æfinga um borð, og*
- d) *eftir að prófun hefur farið fram á rýmingu skips og MES búnaði.“*

Þá liggur fyrir bréf frá Samgöngustofu til Vegagerðarinnar sem dagsett er 31. maí 2019 þar sem neyðaráætlun Herjólfss 2941 er samþykkt. Tekið er fram í bréfinu að neyðaráætlunin sé samþykkt með fyrirvara um reynslu af starfsrækslu skipsins og viðeigandi prófunum og æfingum áhafnar. Jafnframt er tekið fram að greinargerð þurfi þá að liggja fyrir frá útgerðinni um niðurstöður prófana og æfinga og reynslu af starfsrækslu með hliðsjón af lágmarksmönnun og framsetningu neyðaráætlanar.

Fylgiskjal 5 með þjónustusamningnum ber yfirskriftina Minnisþingar að samningi við Vestmannaeyjabæ um rekstur nýrrar ferju. Er þar að finna forsendur sem lagðar voru til grundvallar þegar fjárframlag ríkisins samkvæmt þjónustusamningnum var ákveðið. Í fylgiskjalinu kemur m.a. að laun miðist við 3 áhafnir og 9 manns í áhöfn fyrir allt að 390 farþega. Sérstaklega er tekið fram að verði mönnun skipsins önnur en gert er ráð fyrir í forsendum, leiðréttist samningsupphæð í samræmi við það til lækkunar eða hækkunar.

Eins og að framan er rakið hefur ávalt verið ljóst að upphafleg ákvörðun um lágmarksmönnun var einungis til bráðabirgða og krafðist Samgöngustofa að stofnunin fengi uppfærða neyðaráætlun eftir að æfingar um borð hefðu farið fram. Þær æfingar fóru fram 16. september 2019 og er ákvörðun um nógildandi öryggisskírteini um lágmarksmönnun gefið út af Samgöngustofu til samræmis við þá fyrirvara stofnunarinnar.

Þá er kveðið á um í fylgiskjali 5 með þjónustusamningnum að verði mönnun skipsins önnur en gert er ráð fyrir í forsendum, leiðréttist samningsupphæð í samræmi við það til lækkunar eða hækkunar. Á grundvelli þessa verður að telja að Vestmannaeyjabær eigi kröfu á að samningsupphæð verði hækkuð sem nemur launakostnaði vegna aukinnar öryggismönnunar.

Hvað öryggismálin varðar ein og sér má benda á að í grein 4.2 í þjónustusamningnum þar sem kveðið er á um gæða- og öryggismál. Kemur þar m.a. fram að mönnun skipsins sé að öllu leyti á ábyrgð sveitarfélagsins og að hún skuli vera í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Einnig er vísað til að sveitarfélagið beri ábyrgð á að reksturinn/framkvæmdin sé í samræmi við lög og reglugerðir m.a. í gr. 2.1, 3.4, 3.5, 3.6, 3.11, 3.13, þótt með mismunandi orðalagi sé. Í grein 3.6 er kveðið á um að sveitarfélagið skuli gæta þess sérstaklega að tryggja öryggi skips, áhafnar, og farþega og fara í hvívetna eftir lögum, reglugerðum og fyrirmælum Samgöngustofu. Í grein 3.13. er kveðið á um að sveitarfélagið sé ábyrgt fyrir að skipið hafi í gildi öll þau skírteini sem þarf til reksturs skipsins.

Þar sem hins vegar er sérstaklega tekið á mönnun skipsins í forsendunum sem settar eru fram í fylgiskjali 5 og að samningsfjárhæð skuli breytast til samræmis verður að telja að það gangi fram. Aukinheldur er ljóst að um eina af forsendum samningsins er að ræða af hálfu ríkisins en í gr. 8.3 er kveðið á um að ríkinu sé heimilt að rifta samningnum eða taka yfir ferjureksturinn einhliða og án nokkurra bótagreiðsla ef sveitarfélagið vanefnir samninginn verulega og er sérstaklega tiltekið að ef sveitarfélagið vanrækir að lögboðin leyfi og skírteini vegna ferjurekstrar sé það veruleg vanefnd.

Ferjuvísitala

Ferjuvísitala er skilgreind í fylgiskjali 1 með þjónustusamningnum. Þar er kveðið á um að verðbæta skuli skal upphæð til greiðslu þrisvar sinnum á ári og taki hún nánar tilgreindum breytingum frá 1. október 2018. Ákvæði verður ekki skilið á annan veg en að fyrsta verðbreyting skuli fara fram 1. október 2018. Grunnvísitalan er sú sem samið er um á undirritunardegi þjónustusamningsins þann 16. maí 2018 þegar grundvöllur vísitölunnar er ákveðinn í fylgiskjali 1. Hafi grunnvísitala að átt að vera miðuð við síðari dagsetningu en undirritun samningsins yrði slíkt að vera tilgreint í samninginum.

Samantekt.

Hvað laun áhafna varðar verður að telja að Vestmannaeyjabær eigi kröfu á að samningsupphæð verði hækkuð sem nemur launakostnaði vegna aukinnar öryggismönnunar. Verður það leitt af fylgiskjali 5 með þjónustusamningnum. Er þar að finna forsendur sem lagðar voru til grundvallar þegar fjárframlag ríkisins samkvæmt þjónustusamningnum var ákveðið. Í fylgiskjalinu kemur m.a. fram að laun miðist við 3 áhafnir og 9 manns í áhöfn fyrir allt að 390 farþega. Sérstaklega er tekið fram í fylgiskjali 5 að verði mönnun skipsins önnur en gert er ráð fyrir í forsendum, leiðréttist samningsupphæð í samræmi við það til lækkunar eða hækkunar. Einnig liggur fyrir að upphafleg ákvörðun Samgöngustofu um lágmarksmönnun var til bráðabirgða og ljóst frá upphafi að hún yrði endurskoðuð.

Hvað ferjuvísitölu varðar verður ákvæði þjónustusamningsins ekki skýrt á annan veg en að fyrsta verðbreyting skuli fara fram 1. október 2018.